



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

GRT1FF05

Kennari	Sólveig Sveinbjörnsdóttir, solveig.sveinbjornsdottir@fss.is	
Viðtalstími	Þriðjudagar 10:25-11:05 (vinnurými kennara)	
Námsefni	Grunnteikning I verkefnamappa, fæst í A4, Eymundsson Krossmóa og lðnú bókabúð. Grunnteikning I (Útgefandi lðnú, Reykjavík).	
Áfangalýsing	Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur öðlist almenna undirstöðuþekkingu og þjálfun í teiknifræðum. Áfanginn skiptist í tvo megin efnisþætti auk æfinga í teikniskrift. Í fyrri efnisþættinum er fjallað um fallmyndun I og ásmýndun- og frihendisteikningu í þeim seinni. Í áfanganum öðlast nemendur færni í meðferð og notkun mæli- og teikniáhaldra, myndrænni vinnu með viðfangsefni starfsgreina, lestur teikninga og fá grunnþjálfun í gerð vinnuteikninga og þrívíðra rissteikninga. Áfanginn er jafnframt undirbúningur fyrir frekara nám í teiknifræðum og lestri vinnuteikninga.	
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Áfanginn er símatsáfangi sem byggist á verkefnavinnu í grunnteiknimöppu, tímaverkefnum, könnunum og kaflaprófum. Til að standast áfangann þarf nemandinn að skila öllum tímaverkefnum og að ná að lágmarki 5,0 úr kaflaprófum. Skila á tímaverkefnum til kennara í lok hverrar viku, árituðum (með penna) þar sem fram kemur nafn viðkomandi og dagsetning þess dags sem skilað er (vanskil hefur áhrif á einkunnargjöf). Nemendum ber að skila öllum verkefnum sem tilgreind eru á kennsluáætlun og fá þau samþykkt af kennara.	
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐
	Heiti	Vægi
	Verkefnamappa	70%
	Kaflapróf og kannanir	30%
Reglur áfanga	Slökkt skal vera á farsímum í kennslustund!. Teikniáfangar eru verklegir vinnuáfangar sem þýðir að nemandi ber að nýta tímann vel til verkefnavinnu. Í upphafi hvers kafla skal nemandi lesa kynningu í kennslubók. Kennari áskilur sér rétt til þess að vísa nemandi úr kennslustund komi hann án námsgagna í tíma.	

Grunnpættir menntunar	Í áfanganum er lögð áhersla á læsi í víðum skilningi, þar sem nemendur þjálfast í að lesa úr og túlka teikningar. Nemendur eru hvattir til að bera ábyrgð á eigin námi og temja sér vandvirkni í vinnubrögðum. Í gegnum verkefnavinnu fá nemendur vettvang til að tjá eigin skoðanir, taka þátt í uppbyggilegum umræðum og rækta virðingu fyrir sjónarmiðum samnemenda sinna.
------------------------------	---

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: upplýsingamiðlun með tæknilegum teikningum.	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: - lesa einfaldar tæknilegar vinnuteikningar og gerð einfaldra þrívíðra teikninga og fríhendisteikninga. - nákvæmum vinnubrögðum og notkun á teikniáhöldum.
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: vera undirbúinn undir frekara nám í teiknifræðum. hafa þekkingu og færni til að skipuleggja, árita og ganga frá einföldum tæknilegum teikningum og miðla upplýsingum á skilvirkan hátt.	

Vinnuáætlun - Dæmi með símati		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Undirbúningur og frágangur	16 vikur x 1,5 klst.	24 klst.
Undirbúningur fyrir kannanir	5 x 2 klst.	10 klst.
Alls		98 klst. = 5 ein

Efni og áhöld sem nemandi a að vera með	T-stika ca. 45 sm. löng, eða (teiknibretti fyrir A3 blöð). Teiknihorn: 45°/45°/90°, og 30°/60°/90° (meðalstór ca. 25 - 30 sm.) (Reglustika ca. 25 - 30 sm.). Tveir blýantar H og HB. Yddari. Strokleður (Línuveiðari). Límband (málarateip) ef nemandi er ekki með teiknibretti. Góður hringfari. (Rúðustrikuð blöð /rissblöð).
---	--

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19.-21. ágúst	Kynning á áfanga Fallmyndun 1	1.-6.
2. vika 24.-28. ágúst	Fallmyndun 1	9.-15.
3. vika 31. ágúst-4. september	Fallmyndun 1	17.-20 Könnun
4. vika 7.-11. september	Fallmyndun 1	24-30.
5. vika 14.-18. september	Fallmyndun 1	31.-41. Teikniskrift verkefni 1-5 lokaskil. Könnun.
6. vika 21.-25. september	Fallmyndun 1	43.-50.
7. vika 28. september-2. október	Fallmyndun 1	51.-56.
8. vika 5.-9. október	Fallmyndun 1	59.-63.
9. vika 12.-16. október <i>Námsmatsdagur 12. okt. Miðannarmat 13. okt.</i>	Fallmyndun 1	65.-69.
10. vika 19.-23. október <i>Vetrarleyfi 23. október</i>	Fallmyndun	71.-77.
11. vika 26.-30. Október <i>Vetrarleyfi 26. október</i>	Fallmyndun	79.-84.
12. vika 2.-6. nóvember	Ásmyndun og fríhendisteikning	Lokaskil fallmyndahluta. Könnun.
13. vika 9.-13. nóvember	Ásmyndun og fríhendisteikning	1.-6.
14. vika 16.-20. nóvember	Ásmyndun og fríhendisteikning	8.-13.
15. vika 23.-27. nóvember <i>Dimissio 27. nóvember</i>	Ásmyndun og fríhendisteikning	16.-22.
16. vika 30. nóvember-4. desember	Ásmyndun og fríhendisteikning	Lokaskil fríhendishluta. Könnun.

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Sólveig Sveinbjörnsdóttir